

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorphreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.
Gjaldið er 26.618 kr. á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.
Gjaldið er 22.985 kr. á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpgjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.
Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 49.603 kr. á ári, sem er annars vegar 26.618 kr. í sorphreinsunargjald og hins vegar 22.985 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað) greiðist þjónustugjald 14.881 kr. sem er 30% af fullu gjaldi (kr. 49.603), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 23.783 kr./ár.

Fyrir sorp umfram framangreint greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	Kr. án/vsk
Móttökugjald fyrir hvern farm allt að:	
0,25 (1/4) m³	0
0,50 (1/2) m³	1.631
0,75 (3/4) m³	2.445
1,0 m³	3.259
Óflokkað	Kr./kg án.vsk
Blandaður úrgangur:	19,10
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	
Grófur úrgangur:	21,50
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	
Flokkað	
Timbur:	
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	17,90
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	11,90
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0
Málmar:	0
Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0

Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að taka gjald fyrir útlögðum kostnaði vegna spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
<i>Annað:</i>	
Smádýrahæ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	13,10
Fljótandi úrgangur (seyra)	13,10
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefni eða til landmótunar á urðunarstað)	15,50

Íbúar geta skilað allt að $\frac{1}{2}$ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir $\frac{1}{4}$ m³ bera lágmarksgjald kr. 3.250.

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald samkvæmt gjaldskrá verktaka.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjald dagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar 12. desember 2024, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi og gildir vegna álagningar almanaksárið. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi, nr. 1538/2023.

Vopnafirði, 12. desember 2024.

Valdimar O. Hermannsson sveitarstjóri.